



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2024

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarkostir viðbótarlífeyrissparnaðar), 916. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp, sem lagt var fram af þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra, þar sem lagðar eru til breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Í frumvarpinu er lagt til að vörsluaðilum séreignarsparnaðar verði heimilað að verða við beiðni réttihafa um að iðgjöldum hans til séreignar verði varið til fjárfestingar í tilteknum sjóði eða sjóðum um sameiginlega fjárfesting. Í greinargerð frumvarpsins er vísað til sáttmála núverandi ríkisstjórnar sem hugðist renna styrkari stoðum undir lífeyriskerfið og sérstaklega vísað til vinnu sem nú er í gangi við gerð grænbókar um kerfið. Í þeirri vinnu fer fram heildstæð rýni með breiðum hópi hagsmunaaðila á lífeyriskerfinu og er henni ekki lokið.

Íslenska lífeyriskerfið er byggt upp af aðilum vinnumarkaðarins og er mikilvægt að breytingar, eins og þær sem frumvarpið boðar, séu gerðar í sátt og á grundvelli samtals við þá aðila. Raunar telur bandalagið að tillögur um stærri breytingar á kerfinu eigi að koma fram að frumkvæði aðila vinnumarkaðarins. Af þeim sökum sætir það furðu að ráðherra leggi fram frumvarp með þeim breytingum sem um ræðir hér á sama tíma og unnið er að grænbók um lífeyriskerfið. Frumvarpið er því ótímabært og þarfnast þær breytingar sem það felur í sér mun nánari athugunar og rýni, t.a.m. á grundvelli áður nefnds starfshóps.

Með vísan til framangreinds leggst BSRB gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Hrannar M. Gunnarsson', is positioned above the printed name.

Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur